

Kosning stjórnar AKÍS verði hætt í því formi sem hún er og við tæki:

Hvert það aðildarfélag AKÍS sem haldið hefur að minnsta kosti eina keppni til Íslandsmeistara í einhverri af þeim keppnisgreinum sem keppt er í undir AKÍS síðastliðin 2 ár og hefur á komandi keppnisalmanaki að minnsta kosti eitt Íslandsmeistaramót á komandi sumri skipar einn mann í stjórn AKÍS og einn til vara í hans stað, fjöldi stjórnarmanna ræðst af fjölda virkra aðildarfélaga. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi að loknu ársþingi ár hvert og skipar í stöður að meðtalinni formannsstöðu til eins árs í senn.

Rök fyrir því hvers vegna þetta er lagt til er að jafna hlut allra aðildarfélaga að því að eiga sæti í stjórn AKÍS og koma í veg fyrir að félög geti komið að fleiri en einum og jafnvel mörgum mönnum í stjórn AKÍS innan eins félags og myndað þannig stöðu að verða með ráðandi hlut í stjórn AKÍS.

Það hefur borið á því að félög séu að leggja í einhverskonar atkvæðaveiðar til að koma sínum mönnum að frekar en öðrum og er það okkar skoðun að slíkt fyrirkomulag sé frekar til þess fallið að valda togstreitu og hugsanlegum leiðindum milli félaga sem ættu að verða að engu ef þessi leið sem við leggjum til fengist samþykkt.

Með því fyrirkomulagi sem við leggjum til yrðu álíka margir í stjórn AKÍS eins og nú er þar sem stjórnin er byggð upp á 7 stjórnarmönnum og 3 varamönnum í dag.

Það yrði ekki skylda aðildarfélaganna að leggja til mann í stjórn en ef svo færi að t.d 8 yrðu í stjórn þá þyrfti að finna leið til að skera úr um álitamál ef atkvæði væru jafnt á stjórnarfundi um einhver mál sem þyrfti að skera úr með atkvæðagreiðslu og þá væri og er ekki óalgengt að atkvæði formanns myndi gilda tvöfalt í þeim tilfellum.